

Fundur Græns Teymis þriðjudaginn 3. júlí 2019 – Mættir voru Ásta Þórisdóttir, Davíð Rúnar Gunnarsson, Lína Björg Tryggvadóttir og María Maack.

Hildur Dagbjört boðaði forföll.

1. Farið yfir lista varðandi verkefni fyrir Umhverfislestina og fundarmönnum úthlutað verkefnum sem eiga að klárast fyrir næsta fund. María mun senda í tölvupósti yfirlit yfir það sem gera á og hver ber ábyrgð á að verkefnin klárast.

Búið er að ákveða dagsetningu á Umhverfislestinni og mun hún byrja á Ströndum 19. október í kjölfar Fjórðungspings. Verkefnastjóri hefur verið í sambandi við Greip Gíslason sem ætlar að halda utan um verkefnið. Áætlað að halda fund með Greip í ágúst og mun Lína Björg hafa samband við hann til að finna fundartíma en hentugasti tíminn er 23. ágúst.

2. Verkefnastjóri mun senda út póst á öll fyrirtæki á svæðinu, einnig skóla og leikfélaga til að kynna Umhverfislestina og gefa þeim tækifæri á að búa til viðburði tengda deginum og/ eða lestinni. María gerir uppkast að bréfi til fyrirtækja og sendir á teymið.
3. Græn skref – í haust á að fara út önnur úttekt á grænum skrefum og þarf að senda áminningu varðandi það til allra sem eru í verkefninu. María mun skoða þau mál og senda út tölvupósta og ræða við Hildi hvernær hún getur farið í úttekt. Einnig þarf aðili á hverju svæði fyrir sig að fara í stofnanirnar og skýra út hvernig hlutirnir eiga að fara fram svo að verkefnið sé skýrt.
4. Komið hefur upp að aðilar á vegum sveitarfélaga hafa eitrað í byggð. Er það brot á samþykktum sveitarfélaganna sem þau gerðu varðandi Umhverfissvottun. Búa þarf til verklagsreglur varðandi eitrun og setja á vefinn ásamt því að senda þær upplýsingar á sveitarfélögin þannig að þau séu skýr. María mun útbúa uppkast af tölvupósti til sveitarfélaga varðandi málið og senda á teymið ásamt því að gera verklagsreglur sem fara eiga á netið.

María er að undirbúa skjal þar sem koma mun fram hvað það þýðir fyrir sveitarfélögin að vera með umhverfissvottun. Verður það skjal sent á sveitarfélögin og einnig sett inn á heimasíðu Vestfjarðastofu *vestfirdir.is*

5. Ákveðið var að Græna teymið muni fara í kynningu á Gámaþjónustusvæðið á Ísafirði til að skoða hvernig ferlið varðandi moltu fer fram og hvernig það gengur. Í kjölfarið verður farið á fund með Greipi Gíslasyni og fjallað um Umhverfislestina. Lína sér um að fá tíma í skoðunarferð og talar við Greip.

Næsti fundur áætlaður 24. júlí nk.

Fundi slitið kl. 10:20